

Skipulags- og umhverfisnefnd, fundur nr. 10

Dags. 3.3.2010

Fundur Skipulags- og umhverfisnefndar Þingeyjarsveitar haldinn í Kjarna 03.03.2010.

Mættir voru: Ásvaldur Æ. Þormóðsson, Sigurður Skúlason, Hlöðver P. Hlöðversson og Snæfríður Njálisdóttir. Hörður Þ. Benónýsson mætti ekki

**1. Tekið fyrir erindi frá sveitarstjórn sem vísað var til nefndarinnar.**

**Frístundabyggð í landi Sílalækjar – Deiliskipulagstillaga:**

- a. Í deiliskipulagstillögunni kafla 2.3 Byggingarskilmálar. Gerir nefndin eftirfarandi athugasemdir. Nefndin telur að byggingarreitir á þegar byggðum lóðum þurfi að skilgreina og málsetja á skipulagsuppdrættinum til samræmis við aðra byggingarreiti. Einnig er nafnarugl í tilvísun í lög og reglugerðir. Lögin heita „skipulags- og byggingarlög“. Óþarft er að vísa í reglugerðir um brunavarnir og brunamál enda viðeigandi ákvæði innan byggingarreglugerðar.
- b. Nefndin bendir á að engin umfjöllun er um náttúruvernd né vegagerð í deiliskipulagstillögunni. Samkvæmt lýsingu í náttúruminjaskrá er svæðið frá sjávarsandi að Aðaldalshrauni á náttúrminjaskrá.
- c. Nefndin leggur til að deiliskipulagssvæði verði skilgreint sem frístundabyggð. Og þess gætt að breytingar verði gerðar í drögum að aðalskipulagi því til samræmis.

Fleira ekki bókað og fundi slitið.